

Skólapúlsinn

Foreldrakönnun grunnskóla febrúar 2022 – svarhlutfall var 82,6%

1. Nám og kennsla – Ánægja var meðal foreldra með nám og kennslu í skólanum 5,8 með marktækum mun(landið 5,4). 90,5% (landið 91,5%) foreldra voru ánægðir með stjórnun skólans, 85,2% (landið 86,4%) töldu nám hæfilega þungt og 88,1% (landið 77,6%) töldu aga hæfilegan í skólanum. Breyting varð á ánægju foreldra milli ára á stjórnun skólans og munum við taka það til skoðunar.
2. Velferð nemenda – Almenn ánægja var með samskipti nemenda við starfsfólk skólans og líðan þeirra. Varðandi eineltismálin var skólinn yfir landsmeðaltali og ánægja foreldra með viðbrögð í skólanum gegn einelti hefur breyst mikið frá síðustu könnun. Þar kemur m.a. til markviss vinna í skólanum og áhersla á nýja nálgun sem við eigum eftir að kynna betur fyrir foreldrum. Það stefnum við á að klára í vor. Líðan nemenda í kennslustundum, útiveru og því hversu vel skólinn sinnir þörfum nemenda kemur vel út samkvæmt mati foreldra.
3. Aðstaða og þjónusta – Frístundaþjónusta fékk háa einkunn hjá foreldrum og 100% (landið 92,5%) þátttaka er í mötuneyti. 89,8% (landið 75,8%) foreldra er ánægt með máltíðir í skólanum. Hlutfall nemenda í frístundaþjónustu er 87,3% (landið 58,1%). Þar er marktækur munur á því hversu margir nota frístundina hjá okkur miðað við aðra skóla sem þátt taka í Skólapúlsi.
4. Foreldrasamstarf – Almenn ánægja var með foreldrasamstarf og 98,3% (landið 95,4%) voru ánægð með síðasta foreldraviðtal. 84,5% (landið 81,1%) voru ánægð með heimasíðu skólans. Foreldrar töldu sig ekki hafa sömu áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur eins og áður 56% (landið 59,7%) og að ekki leitað væri eftir tillögum foreldra og ábendingar þeirra tekna til greina 50% (landið 69,3%). Hér kemur fram mikill munur frá síðasta ári. Foreldrar telja að dregið hafi úr áhrifum þeirra og að tekið sé tillit til ábendinga þeirra. Þetta þarf að skoða betur og nálgast í samvinnu við foreldra.
5. Heimastuðningur – Foreldrar hafa dregið úr virkni sinni í námi barna sinna 4,9 (landið 5,0) og er það breyting frá fyrra ári. Foreldrar hafa einnig dregið úr þeim tíma sem þeir aðstoða við heimanám 62,1% (landið 57,2%) miðað við síðasta ár. 81,0% (landið 76,1%) telja heimavinnu hæfilega. Væntingar foreldra barnanna til háskólanáms eru miklar 79,1% (landið 70,8%) en færri hafa væntingar um iðnnám 14% (landið 17,4%).

Umbótaáætlun mun birtast í starfsáætlun skólans fyrir næsta skólaár.